

Reykjavík, 15. september 2016

Ágæta umhverfis- og samgöngunefnd alþingis,

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands fagnar tillögu til þingsályktunartillögu um náttúrustofur þar sem lagt er til umhverfis- og auðlindaráðherra komi á fót starfshópi sem hafi það að markmiði að meta reynslu starfs náttúrustofa til 20 ára um leið og að kanna hagkvæmni þess að fela þeim fleiri svæðisbundin verkefni en náttúrustofumar hafa nú á sinni könnu.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands var sett á fót 2001 og innan stofnunarinnar eru nú 8 rannsóknasetur á 10 starfsstöðvum um landið. Flest rannsóknasetrana, og sérstaklega þau sem sinna rannsóknum á sviði náttúruvísinda, eiga í miklu samstarfi við náttúrustofur. Víða um landið eru rannsóknasetrin og náttúrustofur til húsa á sama stað en svo á við um í Sandgerði, Stykkishólmi, Bolungarvík, Húsavík, Egilsstöðum og Höfn. Samstarfið er af ýmsum toga og mismikið en að mati Stofnunar rannsóknasetra HÍ báðum aðilum afar dýrmætt. Verkaskiptingin milli rannsóknasetrana og náttúrustofanna hefur slípast til í gegnum árin enda hlutverk stofnananna ólíkt. Miklir möguleikar búa þó í enn frekari starfsemi náttúrustofanna, rannsóknasetrana sem og annarra þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni. Og ekki síður í aukni samstarfi þeirra.

Um leið og Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands fagnar þingsályktunartillögu um úttekt á starfi náttúrustofanna bendir hún á að ekki er síður mikilvægt að fram fari heildarúttekt á rannsóknastarfi á landsbyggðinni. Til enn frekar eflingar samstarfsins þarf að styrkja þá aðila sem að þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni standa og tengist það þá um leið byggðastefnu og vilja stjórnvalda til að byggja upp þekkingarstarfsemi af ólíkum toga utan þéttbýlissvæða. Í þessum efnum má benda á vinnuna sem fór af stað í kringum 2009 varðandi úttekt á þekkingarsetrum á landsbyggðinni. Sú vinna skilaði sér í áfangaskýrslu 2010, en aldrei varð neitt framhald af þeirri vinnu, eins og þó var meiningin. Sjá <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5550>

Ef þess er óskað væri það Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands ljúft að leggja til tíma og þekkingu sinna sérfræðinga í vinnu starfshóps eins og lagt er til í þingsályktunartillögunni sem og í fyrmefnda heildarúttekt á rannsóknastarfi á landsbyggðinni ef af henni verður.

Með kveðju,

Sæunn Stefánsdóttir.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands  
+354 525 4041 / +354 892 8835 / [www.hi.is](http://www.hi.is)